

NÍUNDA TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 2. febrúar 1987

um aðlögun að tækniframförum á II., III., IV., V. og VI. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur

(87/137/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 86/199/EBE ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga má leyfa endanlega tiltekin litarefni, efni eða rotvarnarefni sem leyfð hafa verið

tímabundið, önnur ber að banna endanlega eða leyfa áfram í tilgreint tímabil.

Til að tryggja almannaeilbrigði ber að banna notkun mínoxidífl og sölt þess og afleiður í snyrtivörur.

Þar eð ekki hafa enn verið samþykkt ákvæði um gjaldálagningu innan bandalagsins er ekki tímabært að ákveða hvenær ekki verður lengur leyfilegt að nota metanól sem eðlisbreyti fyrir etanól og ísóprópanól.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar er sér um að breyta, í samræmi við tækniframfarir, tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum með snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 76/768/EBE:

1. Eftirfarandi bætist við II. viðauka:

„370. N-(tríklórmetýlþíó)-4-sýklóhexen-1,2-díkarboxímíð (kaptan)

371. 2,2'-díhýdroxý-3,3',5,5',6,6'-hexaklórdifenýlmetan (hexaklórfen)

372. 6-(Piperidínýl)-2,4-pýrimídíndíamín-3-oxíð (mínoxidífl) og sölt þess og afleiður.“

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. hluta III. viðauka:

„a	b	c	d	e	f
11	Díklórfen *		0,5%		Inniheldur díklórfen
52	Metanól	Eðlisbreytir fyrir etanól og ísóprópanól	5% reiknað sem % af etanóli og ísóprópanóli“		

3. Í 2. hluta III. viðauka bætast við litaskrárnúmerin 77288 og 77289, ásamt:

— litur: grænn,

— notkunarsvið: 1,

— aðrar takmarkanir og kröfur: án krómatjóna.

4. Í 1. hluta IV. viðauka verða eftirfarandi breytingar:

— nr. 1, metanól, falli niður,

— orðin í dálki e í nr. 4, 2,2'-díþíóbis, falli niður og í stað dagsetningarinnar í dálki g komi „31.12.1987.“

— í stað dagsetningarinnar í dálki g í nr. 5, 1-fenoxýprópan-2-ól, komi „31.12.1987.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 149, 3. 6. 1986, bls. 38.

5. Í 2. hluta IV. viðauka falli litaskrárnúmerin 77288 og 77289 niður;
6. Í V. viðauka falli nr. 2, hexaklórfen, niður;
7. Í 1. hluta VI. viðauka verða eftirfarandi breytingar:

- nr. 6, hexaklórfen, falli niður;
- eftirfarandi bætist við:

„a	b	c	d	e
40	2-bensýl-4-klórfenól (klórfen)	0,2%“		

8. Í 2. hluta VI. viðauka verða eftirfarandi breytingar:

- nr. 9, 12 og 13 falli niður,
- í stað dagsetningarinnar í dálki f í nr. 14, 1-fenoxýprópan-2-ól, komi 31.12.1987,
- í stað dagsetningarinnar í dálki f í nr. 15, bensetóníumklóríð (INN-alþjóðlegt samheiti) (*), komi 31. 12. 1988,
- í stað dagsetningarinnar í dálki f í nr. 16, bensalkóníumklóríð (INN-alþjóðlegt samheiti), brómíð og sakkarínat (*), komi 31.12.1987.

2. gr.

1. Með fyrirvara um gildistíma leyfa sem um getur í 4. og 8. tölul. 1. gr. skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að frá 1. janúar 1989 geti hvorki framleiðendur né innflytjendur sem staðfestu hafa innan bandalagsins markaðssett vörur sem standast ekki kröfur þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ekki sé hægt að selja eða láta af hendi við neytendur vörurnar sem um getur í fyrstu málsgrein, eftir 31. desember 1990.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1987. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. febrúar 1987.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Grigoris VARFIS

framkvæmdastjóri.
